


# Fréttabréf

Hautst 2005



## Íslenska kirkjan í Svíþjóð

Meðal efnis:

Guðsþjónustur í Gautaborg,

Stokkhólmi og Lundi/Malmö

Kirkjuskólar og barnakór

Fermingarundirbúningur

Leshringur um íslenskar bókmenntir

Íslensk Gídeon NT til Svíþjóðar

Sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir konur

Bókaþing í Gautaborg 30. sept til 2. okt.

Menningarvökur í V-Frölundakirkju

# B

**Avs.** Ísländska kyrkan í Sverige,  
Frölunda kyrkogata 2,  
42147 Västra Frölunda.

**Begränsad eftersändning**


Vid definitiv eftersändning  
återsänds försändelsen med den  
nya adressen påförd.



Umsjón og ábyrgð sr. Ágúst Einarsson, netfang: kirkjan@telia.com

Ágæti viðtakandi

Sumri hallar og þá tekur félagsstarfsemin fjörkipp að nýju. Ég vona að fólk mæti endurnært til leiks eftir bjarta og góða sumardaga. Á haustdögum hefst ellefta starfsár Íslensku kirkjunnar í Svíþjóð (ÍKS), með höfuðstöðvar í Gautaborg. Fréttabréfið



gefur upplýsingar um það sem er á döfinni í starfseminni í Gautaborg, Stokkhólmi og Malmö/Lundi. Prestur og sóknarnefnd vilja hafa góð tengsl við alla sem er umhugað um eflingu trúar og menningar meðal Íslendinga í Svíþjóð. Við viljum að sem flestir viti af starfi íslensku kirkjunnar og því er fréttabréfið sent til viðtakenda víða um land, jafnvel til þeirra sem eiga langt í auglýsta samfundi. Það er von okkar að leiðir liggi saman í einhverri mynd og við fögnum viðbrögðum og hugmyndum í því sambandi.

“Samfélag í trú og gleði” er yfirskrift safnaðarstarfsins. Helgihaldið myndar burðarásinn í starfi kirkjunnar og þar mætast allir aldurshópar í litríkum félagsskap. Það er von mín að lesendur finni eitthvað við sitt hæfi hér í blaðinu eða efni þess kveiki hugmyndir að kirkju- og menningarstarfi víðar meðal Íslendinga í Svíþjóð.

Með bestu kveðjum, Ágúst Einarsson

*Símatími sóknarprests er á skrifstofu mán., þri., og fim. kl. 10-12 og viðtöl eftir samkomulagi. Skrifstofus. 031-704 58 91 og fars. 070-286 39 69*

*Kirkjupóstur er sendur út um það bil hálfsmánaðarlega á netföng ábugafólks um safnaðarstarfið, þeir sem vilja fá fréttir og orðsendingar þá leiðina sendi línu á [kirkjan@telia.com](mailto:kirkjan@telia.com)*

*Heimasíða kirkjunnar er á [www.kirkjan.org](http://www.kirkjan.org)*

*Sóknarnefnd, formaður er Kristinn Jóhannesson, netfang hans er [kristinn@svenska.gu.se](mailto:kristinn@svenska.gu.se) og sími 031-773 45 33*

## Guðsþjónustur í Gautaborg

Í Västra Frölundakirkju.

**Guðsþjónusta sun. 2. okt kl. 14.00**

**Guðsþjónusta sun. 6. nóv. kl. 14.00**

**Aðventuhátíð sun. 4. des. kl. 14.00**

**Hátíðarguðsþjónusta á jóladag kl. 14.00**

Við guðsþjónustur syngur Íslenski kórinn í Gautaborg undir stjórn Kristins Jóhannessonar.

Organisti er Tuula Jóhannesson. Barnastund og kirkjuskóli er í tengslum við hverja messu. Smábarnahorni hefur verið komið fyrir í kirkjunni. Söluborð íslenskra bóka liggur frammi í safnaðarheimili. Kirkjukaffi er eftir hverja messu. Verið velkomin til samfélags í trú og gleði.

**Íslenski kórinn í Gautaborg** æfir á mánudagskvöldum kl. 19 og eru nýir söngunnendur velkomnir til þátttöku.

**Staðsetning:** Västra-Frölunda kyrka, Frölunda kyrkogata 2. Kirkjan stendur uppi á hæð, í auglýsingu og ca. 10 mín. göngufæri frá Frölunda torgi (í austurátt). Frölunda torg er skiptistöð margra strætisvagna og sporvagna nr. 1, 7 og 8. Strætisvagnar 88, 95 og 771 fara alveg að kirkjunni.

## Guðsþjónustur í Stokkhólmi

Í Finnsku kirkjunni í Gamla stan, við hlið Hallarinnar.

**Guðsþjónusta sun. 23. okt. kl. 14.00.** Kirkjukaffi.


**Hátíðarguðsþjónusta 2. jóladag 26. des. kl. 14.00**

Eftir guðsþjónustu er kirkjukaffi og jólaball. Íslenski sönghópurinn í Stokkhólmi leiðir messusönginn.

**Kórinn** æfir á miðvikudagskvöldum kl. 18.30 í Finnsku kirkjunni og eru söngelskir Íslendingar velkomnir. Hafið samband við Brynju, stjórnanda kórsins s. 070 790 40 54 eða Soffíu, formann kórsins s. 070 282 59 64.

## Guðsþjónustur í Lundi/Malmö

Guðsþjónustur eru ráðgerðar í Uppåkrakirkju eins og á vormisseri. Tímasetningar verða auglýstar síðar á heimasíðum Íslendingafélaga og netfangalistum á svæðinu. Uppåkrakirkja er miðja vegu milli Malmö og Lundar.





## Kirkjuskólinn í Gautaborg

Kirkjuskólinn er lífleg samvera með söng, fræðslu og leik. Umsjón með kirkjuskólanum hefur Ágúst, Birna, Sigrún og Sigurður. Eftir helgistundina er góð aðstaða fyrir leik og allir fá Birnusnúða og djús. Kaffi og spjall fyrir fullorðna.

## Barnakórinn í Gautaborg

Barnakórinn stefnir sem fyrr að öfluggu og skemmtilegu kórstarfi í vetur. Nýr stjórnandi barnakórsins er Sigurður Þór Rögnvaldsson. Hann útskrifaðist í vor frá Tónlistarskóla FÍH á Íslandi og er við nám í Tónlistarháskólanum í Gautaborg.

Foreldrar sem vilja skrá börn sín í kórinn eru beðnir að hafa samband við Sigurð í síma 073 992 25 97. Æfingar eru á sunnudögum kl. 13.00 í V-Frölundakirkju.



### Sunnudagar *(til að klippa út og festa á ísskápinn!)*

18. sept.	kl. 13	Barnakór	kl. 14	Kirkjuskóli
25. sept.	kl. 13	Barnakór	kl. 14	Kirkjuskóli
2. okt.	kl. 13	Barnakór	kl. 14	Kirkjuskóli
9. okt.	kl. 13	Barnakór	kl. 14	Kirkjuskóli
16. okt.	kl. 13	Barnakór	kl. 14	Kirkjuskóli
23. okt.	kl. 13	Barnakór	kl. 14	Kirkjuskóli
30. okt.		Vetrarfrí		
6. nóv.	kl. 13	Barnakór	kl. 14	Kirkjuskóli
13. nóv.	kl. 13	Barnakór	kl. 14	Kirkjuskóli
20. nóv.	kl. 13	Barnakór	kl. 14	Kirkjuskóli
27. nóv.	kl. 13	Barnakór	kl. 14	Kirkjuskóli
4. des.	kl. 13	Barnakór	kl. 14	Jólafondur



## Kirkjuskólinn í Lundi



**Kirkjuskólinn** er annan hvern laugardag í St. Hans kirkju í Norra Fáladen í Lundi. Kirkjuskólinn í Lundi stendur fyrir barnmörgum og líflegum samverum með söng, fræðslu, föndri og brúðum sem bregða á leik. Kaffi og spjall fyrir fullorðna. Umsjón með kirkjuskólanum hafa Brynhildur og Bryndís. Prestur heimsækir kirkjuskólann um það bil annað hvert sinn.

### Laugardagar *(til að klippa út og festa á ísskápinn!)*

17. sept.	kl. 11.00	Kirkjuskóli
1. okt.	kl. 11.00	Kirkjuskóli
15. okt..	kl. 11.00	Kirkjuskóli
29. okt.	kl. 11.00	Kirkjuskóli
12. nóv.	kl. 11.00	Kirkjuskóli
26. nóv.	kl. 11.00	Kirkjuskóli
3. des.	kl. 11.00	Aðventuhelgistund og jólaball



## Fermingarfræðsla



Fermingarundirbúningurinn hefst með **fermingarbúðum á Åh Stiftgård 7- 9. okt.** Krakkar koma víðsvegar að af landinu. Tækifæri gefst til að byrja fræðsluna af krafti. Í fermingarbúðunum samtvinna nám, leikur og skemmtileg samvera. Eldri unglingar eiga kost á að taka þátt í fermingarbúðunum. Auk þess koma íslenskir unglingar í fermingarundirbúningi frá Noregi með prestinum sínum. Í

búðunum gefst gott tækifæri til að kynna prestinum og mörgum krökkum á sama aldri. Umsjón dagskrár hefur Ágúst prestur og Sigrún Steingrímsdóttir. Sigrún hefur háskólagráðu í íslensku og leggur stund á samskiptafræði í Háskólanum í Gautaborg. Fræðslan heldur áfram eftir þessa helgi með því að unglingarnir sækja guðspjónustur og skila verkefnum á netinu. Næsta vor er síðan hittst að nýju eina helgi.

*Þeir sem vilja skrá sig í fermingarfræðslu í vetur þurfa að skrá sig fyrir 1. október.*



## Nýja testamenti frá Gídeonfélaginu

Gídeonfélagið gefur öllum 10 ára börnum á Íslandi Nýja testamenti. Gídeonfélagið vill í samvinnu við íslensku kirkjuna í Svíþjóð gefa sem flestum íslenskum börnum í Svíþjóð íslenskt NT. Unglingum í fermingarundirbúningi hefur undanfarin ár verið afhent NT frá Gídeon og það síðan notað í náminu.

Kirkjan vill gjarnan hafa samvinnu um þetta verkefni við Íslendingafélög og íslenskukennara til að ná til sem flestra 10 til 12 ára barna.

## Leshringur um bókmenntir

Leshringur um íslenskar bókmenntir hittist reglulega í Gautaborg. Eftir lestur valinna bóka er innihaldið skoðað og rætt. Samskonar hópa mætti stofna til víðar meðal Íslendinga í Svíþjóð. Hafið samband og við miðlum af reynslu okkar.

Leshringurinn stendur öðru hvoru fyrir opnum fundum í V-Frölundakirkju og er það auglýst í Kirkjupósti (sjá bls.1).


## Sálgæsla

Mikilvægt hlutverk prestsins er að vera einstaklingum til stuðnings í erfiðleikum. Sálarleg og andleg velferð byggir mjög á því að deila hugðarefnum sínum með öðrum og byrgja ekki inni stríðar tilfinningar. Góð, einlæg samtöl opna oft nýja sýn. Presturinn er bundinn þagnarskyldu og velkomið er að hafa samband.



## AA – deild - 12 spora deild

AA-deildir eru samtök til sjálfshjálpar fyrir þá sem eiga við áfengis-/vímuefnavanda að stríða. Reglulegir fundir samtakanna eru mikilvæg stoð í baráttunni fyrir betra lífi, án vímuefna. Í Kalmar er AA-deild með síma sem fólk getur hringt í til að komast í samband við samtökin. Sá er svarar í símann er ónafngreindur hér, en talar íslensku. Síminn er 0480-49 10 49 kl. 08.00 til 20.00.





## Konur eru konum bestar

Sjálfsstyrkingarnámskeið er ráðgert fyrir konur á öllum aldri laugardaginn 12. nóvember. Leiðbeinandi er Guðrún Karlsdóttir prestur í Lerum s. 0302-52 25 83. Þetta er námskeið sem slegið hefur í gegn í Þjóðkirkjunni á Íslandi. Skráning fyrir 1. nóv. hjá Guðrúnu. Þátttaka er ókeypis.

## Bókaþing í Gautaborg 30. sept. til 2. okt.

Framundan er mikið rithöfunda- og bókaþing í Gautaborg. Íslenskur sýningar- og sölubás með úrvali nýrra íslenskra bóka verður í C-hallen. Þarna má nálgast góðar tækifæris- og jólagjafir. Margt er að njóta og íslenskir rithöfundar koma fram:

Föst. kl. 12. Íslensku bókmenntaverðlaunin, Halldór Guðmundsson og Auður Jónsdóttir. Stjórnandi: Heimir Pálsson

Föst. kl. 16. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, Sjón

Lau. kl. 10. Njálssaga og Egilssaga, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Lars Lönnroth og Heimir Pálsson

Kristín Marja Baldursdóttir kynnir einnig sænska útg. af “Mávahlátri”.

## Menningarvökur í V-Frölundakirkju

Vonir standa til þess að hægt verði að efna til bókmenntakvölds í V-Frölundakirkju með einum eða fleiri af þeim rithöfundum sem koma á bókaþingið 30.sept. til 2. okt. Það verður auglýst er nær dregur á heimasíðu og í Kirkjupósti (sjá bls.1).

Í bígerð er heimsókn Hallveigar Thorlacius með brúðuleikhússýningu í V-Frölundakirkju, sennilega í viku 41. Nánar auglýst í Kirkjupósti og á heimasíðu.

## Íslenskukennsla

Vert er að minna á að öll íslensk börn í Svíþjóð á grunnskólaaldri eiga kost á að fá íslenskukennslu amk. einu sinni í viku. En ráðning kennara og lánmarksþátttaka barna er nauðsynleg. Þeir sem eiga börn sem þetta á við eru hvattir til að hafa samband við Íslendingafélög og Íslendinga í nágrenni sínu til að gefa fleiri börnum færi á að njóta kennslunnar.